
400 m hafnargarðar við í Sundahöfn



Reykjavíkurhöfn, eins og gert er ráð fyrir henni í aðalskipulaginu nýja. Röndóttu svæðin eru landfyllingar, en á dökku reitunum á landi verður svokölluð hafnsækin starfsemi. Gamla höfnin er lengst til vinstri, Sundahöfn fyrir miðri mynd og uppfyllingarnar lengst til hægri sýna höfn í Grafarvogi og við Gufunes. Kortin gerðu Ingimar Haukur Ingimarsson, arkitekt, og Hannes Valdimarsson, verkfræðingur.

Sundahöfn frá Laugarnesi að Áburðarverksmiðju

Milli gamla og nýja hafnarsvæðisins er nokkurt bil. Sjávarbrautin nýja kemur til með að liggja á fyllingunni inn með Skúlagötu. Höfnin tekur svo aftur við innan við Laugarnes. Athafnasvæði Sundahafnar eru samkvæmt skipulagi þrjú, í Viðeyjarsundi, í Kleppsvík og í Grafarvogi. Í Viðeyjarsundi er fyrst og fremst um hreina vöruflutninga að ræða, í Kleppsvík er að hluta til gert ráð fyrir vöruflutningum, en að mestu er svæðið ætlað fyrir skipaviðgerðarstöð. Og í Grafarvori er þegar nokkur vísir að höfn fyrir vörur, sem fluttar eru í lausu máli og áætlun um :ð auka hafnaraðstöðuna þar. Við spyrjum Ólaf hvaða nýjar hugmyndir sé að finna varðandi Sundahöfn í tillögum að skipulagi.

— Helzta breytingin frá gamla skipulaginu er tillaga um breytta tilhögun í Grafarvogi, þar sem verður hafnaraðstaða sunnan við voginn sjálfan, svaraði hann. Við gerum nú tillögur um skipulag á svæðinu frá tanganum, sem Áburðarverksmiðjan stendur á í Gufunesi og vestur að Laugarnesi. Við Gufunes er áformað að hafnsækin starfsemi fái aðstöðu, en það land er vart hægt að nýta fyrir íbúðabyggð vegna eðlis áburðarframleiðslunnar. Þar sem öskuhaugarnir eru, er ætlunin að fylla upp lengra út og koma þar fyrir hafnarbakka, og þar fæst land fyrir hafnarstarfsemi. Ofan á nesinu þar fyrir sunnan verður íbúðarbyggð, svo sem kynnt hefur verið, og nokkur iðnaðarsvæði í sambandi við hana. En nú er alls staðar miðað að því að vinnustaðir séu ekki fjarri íbúðarbyggð. En hafnarsvæðið nær þarna nokkuð út á nesið.

Thors skýrir fyrir okkur næsta verkefni þar.

Landfylling og hafnargarðar í Sundahöfn

— Í Sundahöfn hefur hafnarstjórn hug á að ráða í gerð hafnarbakka á Kleppsskaptinu og ganga frá nauðsynlegri uppfyllingu í sambandi við hann. Og hins vegar að ganga frá landfyllingu og hafnarbökkum norðan við Korngarðinn. En framtíðaruppbygging í Sundahöfn verður til vesturs, með ströndinni á Laugarnesi. Í Sundahöfn eru fyrst og fremst fyrirhugaðir almennir vöruflutningar. Rétt er að taka það fram, að þarna er deiliskipulag að mestu óunnið.

— Það sem hefur staðið Reykjavíkurhöfn fyrir þrifum, er mikill fjárskortur, sagði Ólafur ennfremur. Sem kunnugt er, þá er í Reykjavík eina höfnin á landinu, sem ekki nýtur ríkisframlags og vegna verðstöðvunarákvæða hefur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu ekki fylgt tímanum og verðbólgunni. Í þeirri trú, að nú muni leiðrétting fást á gjaldskrám, hefur hafnarstjórn ákveðið að leita eftir heimild til lántöku, til að ráðast í þær framkvæmdir sem nauðsynlegastar eru til að mæta þörfum flutningafyrirtækjanna í Reykjavíkurhöfn. Fáist slík lántaka, væri á næstu fjórum árum hægt að gera hafnarbakka í Sundahöfn, sem væru samanlagt um 300 m langir, auk viðlegubakka við SÍS-bygginguna, sem áætlað er að verði 100 m að lengd. Og til viðbótar að ganga frá 14 ha upplandi hafnarinnar.


— Hvað er átt við með upplandi hafnarinnar þarna? Ég sé að í hafnarreglugerðinni nær land Sundahafnar frá Sundagörðum og Vatnagörðum að væntanlegri götu í framhaldi af Súðarvogi frá Holtsvegi að Kleppsmýrarbletti.

— Þarna er átt við landið upp af höfninni, sem er í beinum tengslum við hafnarbakkana og þá starfsemi, sem þar fer fram. Nútíma flutningatækni krefst í mjög auknum mæli geymsluhúsnæðis á hafnarbökkum. Aukin notkun gáma hefur í för með sér þörf fyrir stærra útisvæða. Og bætt fyrirkomulag á hafnarsvæði er þjóðhagslega mjög mikilvægt, þar sem það styttir afgreiðslutíma skipa, sem aftur getur leitt til sparnaðar í skipakaupum.

— Nú er landsvæði Reykjavíkurhafnar þegar um 60 ha og hafnarbakkalengd um 3000 metrar. Þarf Reykjavíkurhöfn á allri þessari stækkun að halda?

— Já, Reykjavíkurhöfn er lífsakkeri borgarinnar. Án hafnaraðstöðu hefði Reykjavík ekki orðið höfuðborg og það sem hún er nú. Strandlengja Reykjavíkur er alls staðar falleg, en höfnin verður þar að vera. Án hafnarinnar væri atvinnulíf nánast ekki fyrir hendi í Reykjavík, sagði Ólafur í lok samtalsins.

Sundahöfn. Fyrirhuguð stækkun og landfylling er sýnd með röndóttum flötum, svo sem svæðið frá Laugarnesi að núverandi höfn, og fyllingin til hægri frman við SÍS-bygginguna og inn með Elliðavogi. Í Sundahöfn verða mest vöruflutningar, svo sem dílóttu svæðin sýna. En svæði á landi undir hafnsækna þjónustu og viðgerðir eru merkt með strikuðum flötum, svo sem svæðið upp af Elliðavogi.



**Díllótti flöturinn sýnir höfnina eins
n flutningar á lausum efnum. Og
með röndóttum fleti. Haft verður
rn fyrir innan.**



Flutningar í lausu máli við Grafarvog

— Yfir Grafarvoginn þveran verður haft og ferskvatnstjörn þar fyrir innan. Og við sunnanverðan voginn utantil verður aðstaða fyrir vöruflutninga með skipum í lausu máli. Er ætlunin að mæta þannig þörf fyrirtækja, sem annast flutninga á lausu efni, svo sem möl, sandi, vikri og sementi, enda eru sum þeirra farin að koma sér þar fyrir. Upp af þeirri höfn er svo Ártúnshöfðinn, sem er iðnaðarsvæði.

— Í Elliðavogi hafa komið fram tillögur um smábátahöfn, sem hafnarstjórn hefur fallizt á fyrir sitt leyti en ekki er búið að taka ákvörðun um hjá borginni, sagði Ólafur. En út með Elliðaárvoginum að vestan er gert ráð fyrir framtíðaraðstöðu fyrir skipaviðgerðir og þurrkví, eins og raunar var í gamla staðfesta skipulaginu. Á landinu þar upp af er reiknað með að verði fyrirtæki, sem tengist þeirri starfsemi. Utan við það er svo athafnasvæði Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sem hefur fengið úthlutað lóð og er að byggja vörugeymsluhús. Þar fyrir framan á borgin að koma upp hafnargarði, sem á að vera fullgerður á árinu 1980. Um hann munu sambandsskipin flytja sinn varning.

Á milli athafnasvæðis SÍS og núverandi Sundahafnar er sem kunnugt Kleppsspítali, sem grænu svæði í kring. En þegar komið er vestur á Kleppsskaptið tekur hafnarsvæðið við. Ólafur B.